



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Yfirlit yfir starfandi starfs- og stýrihópa og erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem voru samþykktar 2. febrúar 2018 skal halda skrá yfir starfshópa á hverju fagsviði og erindisbréf starfshópa skulu kynnt í viðkomandi fagráði. Samantekt upplýsinga um starfshópa á skrifstofu skóla- og frístundasviðs eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð tvisvar á ári til upplýsingar. Uppruni starfshópa getur verið samkvæmt samþykkt skóla- og frístundaráðs þar sem sviðsstjóra er falið að setja af stað starfshóp til að sinna ákveðnu verkefni, jafnframt getur sviðsstjóri ákveðið að setja af stað starfshópa.

Í fylgiskjölum með minnisblaðinu eru upplýsingar um starfshópa á vegum skóla- og frístundasviðs tímabilið september 2021 til febrúar 2022. Þá sérstaklega má finna eftirfarandi upplýsingar:

1. Starfshópar frá fyrra tímabili (febrúar 2021 til september 2021) sem eru enn að störfum eru alls 16 (þar af eru fastir hópar 3 alls).
2. Hópar sem hafa lokið störfum síðan í september 2021 eru alls 6.
3. Yfirlit yfir ný erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs frá september 2021 til febrúar 2022 eru alls 3.

STARFSHÓPAR FRÁ FYRRA TÍMABILI ENN AÐ STÖRFUM – ALLS 16

<u>Starfshópar</u>	<u>Hlutverk/Markmið</u>	<u>Uppruni</u>	<u>Ábyrgð</u>	<u>Formaður/Verkefnastjóri</u>	<u>Starfstímabil sky. erindisbréfi</u>	<u>Staða</u>
<i>Starfshópur um mat á misferlisáhættu hjá skóla- og frístundasviði</i>	Kortleggja áhættusama starfs- og þjónustuþætti innan sviðsins.	SFS.	Sviðsstjóri SFS.	Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri.	Starfstímabil þessa starfshóps hófst 15. júní 2021 og störfum hópsins lýkur fyrir lok mars 2022.	Að störfum.
<i>Starfshópur um húsnæði skóla- og frístundastarfs í Réttarholtsskóla og Bústöðum</i>	Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögur um húsnæðismál Réttarholtsskóla og Bústaða til framtíðar með hagsmuni barna og unglinga í Bústaðahverfi að leiðarljósi.	SFS.	Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir, Ósk Soffía Valtýsdóttir (USK).	Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Guðrún Edda Bentsdóttir verkefnastjórar.	Hópurinn starfar til 30. apríl 2021. Sótt hefur verið um frest á skilum til febrúarloka 2022.	Að störfum.
<i>Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á skóla- og frístundasviði</i>	Hlutverk hópsins er að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu, skv. reglum um gerð fjárhagsáætlunar.	SFS.	Sviðsstjóri SFS.	Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnisstýra Jafnréttisskóla. Formaður verkefnahóps: Sigrún Sveinbjörnsdóttir	Langtímaverkefni - Hópurinn fylgir því eftir að fjárfestingartillögur fari í gegnum jafnréttisskimun og að þjónustuþættir sviðsins verði KFS greindir.	Að störfum. Fastur hópur.
<i>Ráðgjafateymi um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi í skóla- og frístundastarfi</i>	Að veita starfsstöðum skóla- og frístundasviðs ráðgjöf og stuðning og leiðsögn varðandi mál sem tengjast kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi.	SFS.	Sviðsstjóri SFS.	Kolbrún Hrund Sigurgeirdóttir verkefnisstýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.	Þar til ákveðið verður að leggja teymið niður.	Að störfum. Fastur hópur.
<i>Starfshópur um stofnun fjölskyldumiðstöðvar</i>	Að leggja drög að framkvæmdaáætlun/módeli sem haft verði til hliðsjónar við stofnun fjölskyldumiðstöðvar við leikskólann Miðborg og í	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Saga Stephensen, formaður, leikskólaskrifstofu SFS.	Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok maí 2021. Sótt hefur verið um frest á skilum í apríl 2022.	Að störfum.

	framhaldinu í öðrum hverfum Reykjavíkurborgar.					
Starfsþróunarhópur SFS	Að samræma og tryggja yfirsýn yfir starfsþróun á vegum skrifstofu SFS til allra starfsstaða á skóla- og frístundasviði í anda menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju Menntamála.	Þar til ákveðið verður að leggja hópinn niður.	Að störfum.
Starfshópur um innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar 2030	Hlutverk hópsins er að halda utan um innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur til 2030 „Látum draumana rætast“.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstjóri nýsköpunarmiðja menntamála.	Starfshópurinn heldur mánaðarlega fundi og skilar upplýsingum um stöðu innleiðingar að lágmarki árlega til framkvæmdastjórnar og skóla- og frístundaráðs. Starfshópurinn hóf störf í nóvember 2018 og mun starfa þar til ákveðið verður að leggja hópinn niður.	Að störfum. Fastur hópur.
Starfshópur um framtíðarsýn samstarfs í leikskólunum Hólaborg og Suðurborg	Að móta og leggja fram tillögur varðandi aukið samstarf, verkaskiptingu og nýtingu mannauðs í leikskólunum tveimur.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Elísabet Helga Pálmadóttir, fagstjóri leikskóla í Breiðholti.	Starfstímabil frá ágúst 2018 - desember 2018. Vinnu starfshópsins var hins vegar frestað fram til skólaársins 2021-2022.	Að störfum.
Starfshópur um innleiðingu breytinga skóla- og frístundastarfs fyrir nemendur/börn í Víkurskóla	Hlutverk hópsins er að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinga á skóla- og frístundastarfi í Víkurskóla.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Þuríður Óttarsdóttir skólastjóri Víkurskóla.	Starfshópurinn starfi a.m.k. til ársloka 2022. Hópurinn hefur skilað áfangaskýrslu.	Að störfum.

Fylgiskjal 1

Starfshópur um innleiðingu breytinga skóla- og frístundastarfs fyrir nemendur/börn í Engjaskóla	Hlutverk hópsins er að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinga á skóla- og frístundastarfi í Engjaskóla.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Álfheiður Einarsdóttir, skólastjóri Engjaskóla	Starfshópurinn starfi a.m.k. til ársloka 2022.	Að störfum.
Starfshópur um innleiðingu breytinga skóla- og frístundastarfs fyrir nemendur/börn í Borgaskóla	Hlutverk hópsins er að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinga á skóla- og frístundastarfi í Borgarskóla.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri.	Starfshópurinn starfi a.m.k. til ársloka 2022. Hefur skilað áfangaskýrslu.	Að störfum.
Starfshópur um Betri borg fyrir börn	Hlutverk starfshópsins er að innleiða verkefnið Betri borg fyrir börn í öllum þjónustuverfum borgarinnar. Þrjú ný teymi verði mynduð: Eitt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, annað í Laugardal og Háaleiti og það þriðja í Árbæ, Grafarholti, Grafarvogi og Kjalarnesi. Teymin verði því fjögur í heildina með því sem starfrækt er í Breiðholti.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS, Sviðsstjóri VEL.	Hákon Sigursteinsson, sálfræðingur.	Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022.	Að störfum.
Starfshópur um innleiðingu löggjafar um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna - verkefnastjórn	Hlutverk verkefnastjórnar er að undirbúa Reykjavíkurborg fyrir væntanlega löggjöf um farsæld barna með því m.a að vinna að innleiðingu tillagna stýrihópsins sem allar miða að því koma á breytingum í þjónustu við börn með sérstakar þjónustuparfir og fjölskyldur þeirra.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS, Sviðsstjóri VEL.	Hákon Sigursteinsson, sálfræðingur.	Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022.	Að störfum.

Fylgiskjal 1

Starfshópur um einföldun aðgengis að þjónustu	Hlutverk hópsins er að hefja undirbúning að rafvæðingu á umsóknarferli um skólaþjónustu þar sem ferlið verður endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS, Sviðsstjóri VEL.	Hákon Sigursteinsson, sálfræðingur.	Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022.	Að störfum.
Starfshópur um áherslur um árangursmat	Hlutverk starfshópsins er að styðja við og þróa enn frekar faglegt mat á árangri af sérkennslu, sértækum stuðningi í skóla- og frístundastarfi, skólaþjónustu og þjónustu velferðarsviðs við börn og fjölskyldur, vinna að góðu samstarfi við þau kerfi sem hafa að gera með söfnun og vistun gagna, fá leyfi og heimildir til að vinna með gögn sem nýst geta til markvissari vinnslu innan skóla, hverfis og sveitarfélags.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS, Sviðsstjóri VEL.	Hákon Sigursteinsson, sálfræðingur.	Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022.	Að störfum.
Starfshópur um aukinn stuðning við börn	Hlutverk starfshópsins er að vinna niður biðlista í skólaþjónustu, einkum að fækka þeim málum þar sem beðið er eftir þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS, Sviðsstjóri VEL.	Hákon Sigursteinsson, sálfræðingur.	Starfshópur tekur til starfa í ágúst 2021 og starfar til ársloka 2022.	Að störfum.

LOKIÐ STÖRFUM SÍÐAN SEPTEMBER 2021 – ALLS 6

Starfshópar	Hlutverk / Markmið	Uppruni	Ábyrgð	Form./verkefnastj.	Starfstímabil skv. erindisbréfi	Staða
<i>Starfshópur um kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar</i>	Að skoða hvernig megi auka og efla kynjafræði og hinseginfræði í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík og bæta við þjálfun og þekkingu starfsfólks á þeim sviðum.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnisstýra Jafnréttisskóla.	Skólaárið 2020-2021. Beiðni um frest á skilum til 30. sept. 2021.	Lokið. Framundan er kynning á niðurstöðum skýrslunnar fyrir skóla- og frístundaráði.
<i>Starfshópur um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla</i>	Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögu um skóla- og frístundastarf í ofangreindum skólahverfum til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga að leiðarljósi.	Ráðið.	Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir.	Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir.	Frá janúar 2021 - 31. mars 2021. Starfshópurinn hefur skilað af sér.	Lokið. Búið er að kynna niðurstöður starfshópsins fyrir framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs, skóla- og frístundaráði og í borgarráði.
<i>Starfshópur um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla</i>	Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögu um skóla- og frístundastarf í ofangreindum skólahverfum til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga að leiðarljósi.	Ráðið.	Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundaskrifstofu og Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu.	Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundaskrifstofu og Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu.	Frá janúar 21 - 28. febrúar 2021. Starfshópurinn hefur skilað af sér.	Lokið. Starfshópurinn hefur skilað af sér skýrslu og hafa niðurstöður verið kynntar fyrir framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs, skóla-

						og frístundaráði og í borgarráði.
Framtíðarhópur um innleiðingu menntastefnu 2022-2024	Að leggja mat á framgang innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar <i>Látum draumana rætast</i> eftir fyrstu tvö árin og áforma næstu skref. Hópnunum er ætlað að tryggja að áherslur innleiðingar og aðgerðaráætlun verði samofin Græna planinu sem nú er í mótun fyrir Reykjavíkurborg sem og þeirri gerjun sem átt hefur sér stað í menntamálum jafnt héraendis sem erlendis á liðnum misserum.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs.	Janúar 2021 - október 2021.	Framtíðarhópurinn hefur lokið störfum. Tillögur hópsins að almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur fyrir árið 2022-2024 hafa verið samþykktar í skóla- og frístundaráði og borgarráði.
Starfshópur um öryggismál í skóla og frístundastarfi	Að móta tillögur til að auka öryggi barna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn útfæri kostnaðarmetna áætlun um innleiðingu á tillögum til að bæta öryggi, sem felir í sér forgangsöröðun og taki mið af	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Guðrún Hjartardóttir, verkefnastjóri á skrifstofu sviðsstjóra - Gísli Ólafsson leysir Guðrúnu Hjartardóttur af.	Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum í síðasta lagi fyrir 1. apríl 2021. Hafa sótt um frest á skilum til 1. september 2021.	Lokið. Framundan er kynning á niðurstöðum skýrslunnar fyrir skóla- og frístundaráði.

	aðstæðum og þörf á hverjum stað.					
<i>Verkefnisstjórn umbóta í starfsumhverfi stjórnenda í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík</i>	Að yfirfara og meta tillögur starfshópa um eflingu faglegrar stöðu stjórnenda leikskóla, stjórnenda grunnskóla og stjórnenda í frístundastarfi og leggja fram heildstæðar tillögur um umbætur í starfsumhverfi stjórnenda í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.	Ráðið.	Sviðsstjóri SFS.	Guðlaug Gísladóttir verkefnisstjóri.	Starfstímabil frá ágúst 2018 til loka febrúar 2019. Ábyrgðarmaður hefur samþykkt framlengingu á skilafresti til nóvember 2019.	Lokið. Búið að kynna skýrsluna í skóla- og frístundaráði.

Yfirlit yfir erindisbréf starfshópa skóla- og frístundasviðs sem hafa verið settir á laggirnar frá september 2021 – alls 3

Heiti starfshóps	Hlutverk starfshóps
Starfshópur um fræðslu í loftslagsmálum á skóla- og frístundasviði	Stuðla markvisst að allsherjar vitundarvakningu um loftslagsmál og vistvænan lífsstíl í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Að setja upp fræðsluáætlun í loftslagsmálum fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Að setja upp símenntunaráætlun fyrir kennara í grunnskólum Reykjavíkur varðandi loftslagsmál með það markmið að gera þeim betri skil í menntun grunnskólabarna í Reykjavík.
Starfshópur um stækkun leikskólans Miðborgar	Hlutverk hópsins er að vinna að stækkun og flutningi leikskólans með áherslu á innra starf og stækkandi starfsmannahóp. Tryggja gott upplýsingaflæði og samráð við starfsfólk og foreldra ásamt því að tryggja að bæði flutningur í nýtt hús ásamt stækkun gangi sem best fyrir sig.
Starfshópur um stækkun leikskólans Múlaborgar	Hlutverk hópsins er að vinna að stækkun og flutningi leikskólans með áherslu á innra starf og stækkandi starfsmannahóp. Tryggja gott upplýsingaflæði og samráð við starfsfólk og foreldra ásamt því að tryggja að bæði flutningur í nýtt hús ásamt stækkun gangi sem best fyrir sig. Einnig að fara í að þarfagreina skólann út frá þeirri sérhæfingu sem hann hefur svo húsnæði taki mið af sérhæfingunni.

**ERINDISBRÉF SKRIFSTOFU SFS
STARFSHÓPUR UM FRÆÐSLU Í LOFTSLAGSMÁLUM**

Heiti vinnuhóps: Starfshópur um fræðslu í loftslagsmálum á Skóla- og frístundasviði.

Málsnúmer: SFS22020095

Inngangur: Vitundarvakning hefur orðið í samfélaginu varðandi loftlagsbreytingar og þau áhrif sem þær hafa í för með sér. Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna var lögð fram tillaga (R20050130) af fulltrúa ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að stofna starfshóp sem „vinnur að því að fræða kennara í grunnskólum Reykjavíkur um loftlagsmál með það að markmiði að þeir muni nýta þá vitneskju í eigin kennslu“. Í breytingartillögu sem lögð var fram (SFS2020050078), var samþykkt að stofna þennan starfshóp og samhliða fara í símenntunaráttak í loftlagsmálum fyrir starfsfólk leikskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva auk alls starfsfólks mötuneyta í skóla- og frístundastarfi.

Ein af almennum aðgerðum vegna innleiðingar menntastefnu til næstu þriggja ára lýtur að loftlags- og umhverfismálum sem og aukinni áherslu á sjálfbærni. Hún felur meðal annars í sér mikilvægi þess að efla stuðning og fræðslu fyrir börn og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Verkefni starfshópsins falla vel að áherslum Menntastefnunnar, Græna plansins, Lýðheilsustefnu og Matarstefnu Reykjavíkurborgar.

Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Hlutverk:

- a) Stuðla markvisst að allsherjar vitundarvakningu um loftslagsmál og vistvænan lífsstíl í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.
- b) Að setja upp fræðsluáætlun í loftlagsmálum fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi.
- c) Að setja upp símenntunaráætlun fyrir kennara í grunnskólum Reykjavíkur varðandi loftlagsmál með það markmið að gera þeim betri skil í menntun grunnskólabarna í Reykjavík.
- d) Að halda utan um og fylgja eftir verkefninu Grænskjáir sem unnið verður í grunnskólum Reykjavíkur í samstarfi við Klappir-grænar lausnir og Landvernd.

Helstu verkefni:

Verkefni hópsins eru m.a. að:

- Afla upplýsinga um þau verkfæri, námskeið, stuðning og annað sem tengist málaflokknum og stendur börnum og starfsfólki SFS til boða.
- Stuðla að því að náms- og fræðsluefni sem tengist málaflokknum verði gert aðgengilegt.
- Tryggja að settir verði á laggirnar lærdómssamfélagshópar um loftslagsmál og hvernig má vinna með þau í skóla- og frístundastarfi.
- Byggja á verkefninu „Grænskjáir“ er snýr að vitundarvakningu um loftslagsmál í grunnskólum sem felur m.a. í sér samþættingu og samræmingu á fræðslu til kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í samstarfi við Klappir-grænar lausnir og Landvernd.

- Stuðla að því að áherslur um loftslagsmál rati inn í starfsáætlanir starfsstaða í samræmi við almennar aðgerðir vegna innleiðingar Menntastefnu Reykjavíkur.
- Setja af stað rýnihópa / vinnusmiðjur starfsfólks um símenntunarparfir á sviði loftlagsmála.
- Að leggja grunn að þróun námskeið á háskólastigi í samstarfi við menntavísindasvið og aðrar deildir HÍ sem og aðra háskóla.

Fulltrúar í hópi:

Fríða Bjarney Jónsdóttir, Ólöf Kristín Sívertsen, Hafsteinn Grétarsson

Formaður hópsins: Hafsteinn Grétarsson

Starfsmaður hópsins:


Ráðgjöf/samstarf:

- Höfundur tillögu ungmennaráðs
- Fulltrúar ungmennaráða í Reykjavík
- Sérfræðingar frá umhverfis- og skiplagssviði
- Verkefnisstjóri Matarstefnu
- Verkefnisstjóri Grænna skrefa
- Verkefnisstjóri Lýðheilsustefnu
- Klappir
- Landvernd
- Fulltrúar skólamötuneyta
- Skólastjórnendur og kennarar
- Aðrir...

Starfstímabil: Febrúar 2022 – Desember 2023

Skil: Des 2023

Reykjavík, 9. febrúar 2022.



Helgi Grímsson,

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar



ERINDISBRÉF

Starfshópur um stækkun leikskólans Miðborgar

Ábyrgðarmenn: Ólafur Brynjar Bjarkason skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu, Ragnheiður E. Stefánsdóttir mannauðsstjóri og Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri frumathugana mannvirkjagerðar USK.

Unnið er að stækkun og um leið breytingum á rekstri á leikskólanum Miðborg með byggingu nýs leikskólahúsnæðis og lokun á tveim af þrem húsum sem leikskólinn starfar í dag. Áætlað er að ný bygging verði tilbúin í byrjun árs 2023 og Miðborgarleikskólinn verði þá starfræktur í tveimur húsum en ekki þrem eins og hann er í dag. Starfsemi verður hætt á Lindargötu og Njálsgötu en áfram verður starfræktur leikskóli á Njálsgötu 70 (Barónsborg).

Málsnúmer: SFS22020105

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vinna að stækkun og flutningi leikskólans með áherslu á innra starf og stækkandi starfsmannahóp. Tryggja gott upplýsingaflæði og samráð við starfsfólk og foreldra ásamt því að tryggja að bæði flutningu í nýtt hús ásamt stækkun gangi sem best fyrir sig.

Leikskólastjóra Miðborgar ásamt fulltrúa leikskólaskrifstofu SFS verði falið að stýra vinnu hópsins en að fulltrúi mannauðsskrifstofu SFS verði starfsmaður hópsins. Í hópunum sitji fulltrúi millistjórnenda leikskólans, fulltrúi annars starfsfólks. Fulltrúi leikskólaskrifstofu er jafnframt er tengiliður vegna framkvæmdahluta verkefnisins.

Helstu verkefni:

- Að tryggja að fagleg vinna við starfshætti verði áfram með stækkun leikskólans með stuðningi þeirra sem hafa reynslu af svipaðri starfsemi
- Þar sem starfsmannahópurinn kemur úr þremur einingum er mikilvægt að vinna að sameiginlegri sýn.
- Tryggja að hefðir og menning leikskólans fylgi í nýtt húsnæði.
- Ráðning nýs starfsfólks sé tímalega svo aðrir sem fyrir eru verði ekki fyrir miklu álagi
- Tryggja að upplýsingagjöf til allra sem koma að leikskólastarfinu
- Greina og koma á framfæri breytingum sem þarf að gera á núverandi húsnæði vegna breytingum á barnahópnum s.s inntöku á yngri börnum
- Tryggja börnum og starfsfólki farsælan flutning yfir í nýtt húsnæði

Starfshópin skipa:

Kristín Einarsdóttir, leikskólastjóri Miðborgar
Hrafnkell Tjörvi Stefánsson mannauðsráðgjafi
Gyða Guðmundsdóttir, fagstjóri leikskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðar
Bragi Ólason, deildarstjóri í leikskólanum Miðborg
Fulltrúi foreldraráðs leikskólans Miðborgar

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu ef svo ber undir.

Starfstími:

Hópurinn starfar þar til stækkun leikskólans er lokið

Reykjavík, 05. janúar 2022



Ólafur Brynjar Bjarkarson,
skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála

Reykjavík

28.01. 2022

ERINDISBRÉF

Starfshópur um stækkun leikskólans Múlaborgar

Ábyrgðarmenn: Ólafur Brynjar Bjarkarson skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu, Ragnheiður E. Stefánsdóttir mannauðsstjóri og Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri frumathugana mannvirkjagerðar USK.

Unnið er að stækkun og um leið breytingum á rekstri á leikskólanum Múlaborg með opnun á viðbótarhúsnæði í Ármúla 6, áætlað er að í nýja húsnæðinu munu vera 60 börn. Einnig verður farið í að endurgera húsnæði sem Múlaborg er í dag og aðlaga það að þörfum yngri barna. Áætlað er að breytingar þessar verði tilbúnar vor 2022 og Múlaborg verði þá starfræktur í tveimur húsum en ekki einu eins og hann er í dag.

Málsnúmer: SFS22020106

Hlutverk: Hlutverk hópsins er að vinna að stækkun og flutningi leikskólans með áherslu á innra starf og stækkandi starfsmannahóp. Tryggja gott upplýsingaflæði og samráð við starfsfólk og foreldra ásamt því að tryggja að bæði flutningur í nýtt hús ásamt stækkun gangi sem best fyrir sig. Einnig að fara í að þarfagreina skólans út frá þeirri sérhæfingu sem hann hefur svo húsnæði taki mið af sérhæfingunni.

Leikskólastjóra Múlaborgar ásamt Fagstjóra leikskóla Laugardals, Háaleiti verði falið að stýra vinnu hópsins en að fulltrúi mannauðsskrifstofu skólahluta Laugardals, Háaleiti verði starfsmaður hópsins. Í hópunum sitji fulltrúi millistjórnenda leikskólans, fulltrúi annars starfsfólks og fulltrúi foreldra. Fagstjóri leikskólahluta er jafnframt er tengiliður vegna framkvæmdahluta verkefnisins.

Helstu verkefni:

- Að tryggja að fagleg vinna við starfshætti verði áfram með stækkun leikskólans með stuðningi þeirra sem hafa reynslu af svipaðri starfsemi
- Þar sem starfsmannahópurinn mun stækka og starfsemin verða í tveimur húsum er mikilvægt að vinna að sameiginlegri sýn.
- Tryggja að hefðir og menning leikskólans fylgi í nýtt húsnæði.
- Ráðning nýs starfsfólks sé tímalega svo aðrir sem fyrir eru verði ekki fyrir miklu álagi
- Tryggja að upplýsingagjöf til allra sem koma að leikskólastarfinu
- Greina og koma á framfæri breytingum sem þarf að gera á núverandi húsnæði vegna breytingum á barnahópnum s.s inntöku á yngri börnum
- Tryggja börnum og starfsfólki farsælan flutning yfir í nýtt húsnæði
- Greina og koma á framfæri breytingum sem þarf á bæði núverandi og nýju húsnæði út frá sérhæfingu skólans.
- Greina þann fjölda barna sem hægt verður að hafa í núverandi húsnæði út frá aldri og þörfum hópsins sem ætlað er að verði í því.

Starfshópurinn skipa:

Rebekka Jónsdóttir, leikskólastjóri Múlaborg
Kristín Árnadóttir, aðstoðarleikskólastjóri Múlaborg
Valborg Hlín Guðlaugsdóttir, fagstjóri leikskóla Laugardal, Háaleiti
Ingibjörg Gísladóttir, mannauðsráðgjafi
Brynhildur Guðmundsdóttir, ábyrgðamaður sérkennslu Múlaborg
María Kristjánsdóttir, deildarstjóri
Fulltrúi foreldra í Múlaborg

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu ef svo ber undir.

Starfstími:

Hópurinn starfar þar til stækkun leikskólans er lokið

Reykjavík, 28. janúar 2022



Ólafur Brynjar Bjarkarson,
skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála